

Nd.

**394. Breytingartillögur**

[30. mál]

við frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

Frá Gunnari Jóhannssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkið skal eiga og reka þessi fangelsi:

1. Ríkisfangelsi í Reykjavík eða nágrenni hennar.
  2. Vinnuhæli.
  3. Unglingafangelsi.
  4. Héraðsfangelsi.
2. Við 3. gr. Orðin „að Litla-Hrauni í Árnессýslu“ falli burt.
  3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:  
Héraðsfangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzlufanga skulu reist og rekin þar, sem þeirra er þörf að álti dómsmálaráðuneytisins og að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna.  
Sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir héraðsfangelsa, en annar kostnaður greiðist úr ríkissjóði.  
Bygging nýrra fangelsa í samræmi við þessa grein skal háð leyfi Alþingis, enda samþykki það fjárveitingu til hennar.  
Dómsmálaráðherra ákveður, að fenginni umsögn viðkomandi héraðslæknis, í hvaða héraðsfangelsum skuli heimil fullnusta varðhaldsrefsinga og í hve langan tíma.
  4. Við 9. gr. Aftan við 2. málslíð bætist: og lög nr. 29 1. febr. 1936, um fangelsi.